

Mánudaginn 12. febrúar 1962.

Nr. 171/1961. **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Hannesi Guðmundssyni og gagnsök.

(Jón Skaftason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1961. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1961. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 20.714.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vætti verkstjórans Kristjáns Júlíussonar var á hvassviðri, þegar slys það, er í málinu greinir, varð hinn 14. marz 1958. Talið er, að vegna súgs, er myndist í þvottahúsinu sökum gufu þar, hafi verið sérstaklega erfitt að opna útidyráhurðina í hvassviðri. Gagnáfrýjanda, sem unnið hafði í þvottahúsinu frá því í ágústmánuði 1955, hlaut að vera þetta kunnugt. Þrátt fyrir það reyndi hann í nefnt skipti að opna umrædda hurð með þeim hætti, að hann tók með hægri hendi um hurðarhúnninn, opnaði hurðina örlítið, en greip svo jafnframt með vinstri hendi um hurðarbrúnina sömu megin. Þegar svo snögg vindkviða þeytti hurðinni að stöfum, hlaut gagnáfrýjandi þau meiðsl á vinstri hendi, sem lýst er í héraðsdómi.

Telja verður, að slys þetta stafi af framangreindri vangæzlu gagnáfrýjanda svo og þeirri óhappatilviljun, að snögg vindkviða skall á í sama mund. Að svo vöxnu máli þykir gagnáfrýjandi verða að bera sjálfur tjón sitt vegna nefnds slyss, enda verður ekki talið, að um slíkan vanbúnað á útidyrhurðinni hafi verið að tefla, að aðaláfrýjandi eigi að bera nokkra bótaábyrgð af þeim sökum. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í héraði, og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi naut gjafsóknar í málinu í héraði. Héraðsdómara hefur láðst að kveða á um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði 174. gr. laga nr. 85/1936. Verða talsmanni gagnáfrýjanda í héraði því ákveðin hér málf lutningslaun, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hannesar Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málf lutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, Jóns Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadóms Keflavíkurflugvallar 14. september 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. júní s.l., er höfðað með samkomulagi aðilja fyrir aukadómpingi Keflavíkurflugvallar með stefnu, útgefinni 17. maí 1960 og birtri 30. sama mánaðar, af Hannesi Guðmundssyni, Vífilsgötu 15, Reykjavík, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.714.00, fyrir örorku, þjáningar og líkamslýti vegna slyss, er stefnandi varð fyrir hinn 14. marz 1958 í aðaldyrum þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Enn fremur krefst hann 11% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa, en til vara lækkunar á kröfu stefnanda og málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. marz 1958, kl. 15.40, var stefnandi, sem var starfsmaður þvottahúss varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, á leið inn í þvottahúsbygginguna um aðaldyr hennar.

Er hann var í þann veginn að opna dyrnar, en hurðin opnast út, og hafði tekið hægri hendi um hurðarhún og dregið hurðina að sér lítilsháttar, taldi hann sig finna, að hann hefði ekki fullkomið vald yfir hurðinni með annarri hendi, og greip hann þá vinstri hendi um hurðarbrún, en um leið svipti vindhviða hann valdi yfir hurðinni, sem við það skall að stöfum. Varð vinstri hönd stefnanda á milli hurðar og stafs með þeim afleiðingum, að fremsti köggull baugfingurs kubbaðist af og hrökk inn á gólf hússins.

Vegna slyss þessa var stefnandi frá vinnu í 4 til 5 vikur, þar til sár hans var að fullu gróíð, en þó hélt hann fullum launum á meðan.

Stefnandi telur orsök slyss þessa vera, að dyraumbúnaður hafi verið ófullnægjandi, miðað við aðstæður, og að stefndi beri á því fébótaábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/1951.

Telur stefnandi, að vegna þunga hurðarinnar hafi honum verið ókleyft að valda henni einungis með því að taka um hurðarhúnn, sem var kúlulagaður og því afslappur. Þegar þar við bættist, að stöðugs dragsúgs gæti í dyrunum vegna hita og gufumyndunar inni í byggingunni, hafi húsráðendum verið skylt að útbúa hurðina með traustu handfangi, sem auðvelt væri að ná öruggu taki á, og að öðru leyti ganga þannig frá hurðinni, að ekki stafaði af henni slysaætta, eins og raun hafi orðið á.

Til styrktar framangreindum staðhæfingum sínum hefur hann lagt fram skýrslu öryggiseftirlits ríkisins, en niðurstaða hennar hljóðar svo: „Að sögn starfsmanna þvottahússins er oft, þegar hvasst er, mjög erfitt að opna umrædda hurð. Eðlilegast hefði því verið að útbúa hurðina þannig, að ekki hefði þurft óeðlilega mikið afl til að opna hana. Fyrirmæli þar að lútandi hafa verið gefin, það er að segja, setja fang á hurðina.

Orsök slyssins verður því að teljast að miklu leyti vanbúnaður á hurðinni“.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri enga fébóta-

ábyrgð vegna slyss þessa, í fyrsta lagi vegna aðildarskorts, þar eð umræddur atburður verður ekki rakinn til verknaðar manna úr liði Bandaríkjanna á Íslandi, og í öðru lagi vegna þess, að stefnandi hafi átt alla sök á slysinu vegna klaufaskapar við að opna hurðina.

Ljóst er, af því, sem að framan er rakið, að frágangur við framangreindar dyr, miðað við þunga hurðar og aðrar aðstæður, hefur ekki verið fullnægjandi og að slysið má að nokkru leyti rekja til greinds vanbúnaðar.

Telur rétturinn hins vegar, að stefnandi, sem var kunnugur staðháttum og aðstæðum, hefði átt að sýna meiri varúð, er hann opnaði hurðina í umrætt skipti, og að aðgæzluskorti hans verði hér að nokkru leyti um kennt.

Samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 verður talið, að stefndi beri fóbótaábyrgð vegna slyss þessa, og þykir rétt, að hann beri ábyrgð að $\frac{3}{4}$ hlutum, en stefnandi að $\frac{1}{4}$ hluta.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað stefnukröfuna, kr. 20.714.00, en ljóst er samkvæmt örorkumati Guðjóns Hansens cand act., þar sem örorka stefnda vegna umrædds slyss er metin til fjár á kr. 10.714.00, að krafa stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti nemur kr. 10.000.00. Samkvæmt vottorði tryggingalæknis er varanleg örorka stefnanda vegna umrædds slyss talin nema $1\frac{1}{2}\%$.

Ekki er ágreiningur um fjárupphæð örorkumats, og verður það því tekið til greina óbreytt.

Kröfu stefnanda fyrir þjáningar og líkamslýti hefur stefndi mótmælt sem of hárrí.

Þegar hliðsjón er höfð af því, að sárið greri fljótt og með eðlilegum hætti og að hönd stefnanda var lýtt áður, tvær fremstu kjúkur á litla fingur sömu handar vantaði, þykja bætur vegna greinds kröfuliðs hæfilega ákveðnar kr. 6.000.00.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda því að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta af kr. 16.714.00, eða samtals kr. 12.560.50, með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Þar eð atvik máls þessa lágu ljóst fyrir, þótti dómaranum ekki ástæða til að taka málið til flutnings af nýju, eftir að réttarhléi lauk hinn 31. ágúst s.l.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppkvaðningu að loknu réttarhléi, stafar af önnur dómarsans við rannsókn opinbers máls, sem ekki þoldi bið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hannesi Guðmundssyni, kr. 12.560.50 með 11% ársvöxtum frá 17. maí 1960 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1962.

Nr. 157/1961. **Ákærvaldið**

(Páll S. Pálsson settur saksóknari)

gegn

Hálfðáni Inga Jensen

(Magnús Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður, nytjastuldur á bifreið og brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Atferli ákærða er í héraðsdómi fært til réttra refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuðir, og rétt er að svipta hann ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3500.00, og laun verjanda hér fyrir dómi, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hálfðán Ingi Jensen, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.